

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Júlía Þorvaldsóttir, Árni Stefánsson, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri

**Afboða, mæta ekki :** Hörður Oddfríðarson ritari

**Fundur 01.10 .2024 settur kl. 18.00**

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

**2. Mót og starfsemi**

- a. Næstu mót hjá SSÍ eru ÍM25 sem haldið verður í Ásvallalaug 8-10 nóvember, NM verður svo haldið í Danmörku 29.nóv- 1.des , HM25 í Búdapest 10-15. des og Bikar 20 - 21. des í Reykjanesbæ. Farið var yfir samninga við samstarfsaðila fyrir mótin innanlands og þeir sendir á viðkomandi félög. RÚV hefur samþykkt að streyma ÍM25 á RÚV 2.
- b. Farið var yfir innheimtu þjónustugjalda og þau vandamál sem upp hafa komið með þau. Fundað hefur verið með Elíasi hjá ÍSÍ vegna misræmis í tölum og reynt að komast til botns í því.
- c. Þann 16.sept áttu framkvæmdastjóri, formaður og Ragnar Guðmundsson fund með fulltrúum Reykjavíkurfélaganna sem vilja efla starf sín á milli hvað varðar þjálfun og afreksstarf og þá sérstaklega fyrir eldri keppendur. Farið var yfir verkefnið og verkefnaskipulag skoðað. SSÍ lagði til að Ragnar Guðmundsson héldi utanum verkið fyrir hönd SSÍ en einnig verður leitað til ÍBR og fleiri aðila.
- d. Formaður framkvæmdastjóri, mótastjóri og afreksstjóri áttu fund með stjórn SH þann 11. september síðastliðin. Góður andi var á fundinum og málefni sundhreyfingarinnar almennt rædd og skipt á skoðunum.
- e. Farið var yfir stöðuskýrslu til afrekssjóðs vegna jan-júlí sem send var til ÍSÍ þann 13. sept.
- f. Farið var yfir umsókn til afrekssjóðs fyrir árið 2025. Umfang SSÍ er alltaf að verða stærra og verkefnum fjölgar í takt við góðan árangur.
- g. Farið var yfir atburðardagatal. Umræða skapaðist á þjálfararáðstefnu um SMÍ og AMÍ. Fundur verður haldin meðal þjálfara til að fara betur yfir þessi mál í lok okt.
- h. SSÍ barst póstur frá Rauða Krossinum vegna skyndihjálpanámskeið Rauði Krossins. Farið var yfir bréfið og svar við því.
- i. Búið er að sækja um skráningu SSÍ á Almannaheillaskrá og svara beðið.
- j. Heimasíðan er í vinnslu og verið er að safna gögnum og aðlaga þau að innsetningu fyrir nýja síðu.
- k. Formaður, framkvæmdastjóri og mótastjóri funduðu um afkomu móta SSÍ. Mótakostnaður hefur hækkað líkt og annar kostnaður. Skoða verður sérstaklega með kostnað á RIG þannig að mótið verði sjálfbært. Farið verður yfir uppgjörin með bókara.
- l. Búið er að gera lágmörk fyrir AMÍ 2025 og SSÍ mót frá 2025-2028. Lágmörk eru í flestum greinum örlítið hraðari en síðustu árin. Ákveðið að láta AMÍ lágmörkin líka standa í 4 ár eins og hin lágmörkin. Settar verða skýringar með AMÍ lágmörkum af hverju þau séu miðuð út frá þeim forsendum við setjum fram.
- m. Ísland er mótshaldari fyrir Norðurlandameistaramótið 2025. Okkar tillaga er að halda mótið 28-30. nóvember í Laugardalslaug. Vinna fyrir þetta þarf að hefjast á þessu ári.

### 3. Afreksmál

- **Æfingahelgi** Framtíðarhóps var helgina 6-7 sept í Ásvallalaug. Stærri hópur þessa helgi en vanalega, þar sem æfingahelgin í maí féll niður. 32 frá 8 félögum taka þátt ásamt 8 þjálfurum. Anna Steinsen frá Kvan hélt fyrirlestur um sjálfstraust/þrautseigu og Ragnar Guðmundsson mun fer yfir sundferil sinn.
- **Sundmælingar** og fræðsla fóru fram 18-20. September. Mælingarnar voru 18-19. Í Ásvallalaug, en fræðslan og æfingin í Laugardalslaug 20. September. Mark Faber landsliðsþjálfari Hollendinga mun stýrði æfingunni.
- Sundsamband Íslands hélt um helgina (laugardaginn 21. og sunnudaginn 22. september) **þjálfararáðstefnu** á Selfossi og tóku tæplega 30 þjálfarar þátt að þessu sinni. Ráðstefnan var haldin í kjölfar mælingadaga og landsliðsæfinga hjá sundlandsliðinu. Ragnar Guðmundsson frá Optimizar tók mjólkursýrumælingar á sundfólkinu miðvikudag og fimmtudag og Mark Faber stjórnaði síðan landsliðsæfingu á föstudeginum ásamt Eyleifi Ísak Jóhannessyni yfirmanni landsliðsmála hjá SSÍ og Dadó Fennri Jasmínusyni frá SH.  
Á ráðstefnunni í ár var Mark Faber aðalfyrirlesari en hann hefur starfað sem yfirlandsliðsþjálfari Hollendinga. Hann hefur m.a. þjálfað Arno Kamminga sem var tvöfaldur silfurverðlaunahafi á Ólympíuleikunum í Tokyo 2020. Tes Schouten sem varð heimsmeistari í 200m bringusundi í febrúar á þessu ár en hún og Casper Corbeau unnu bæði til bronsverðlauna á ÓL í París í sumar.  
Mark Faber fór yfir hvernig það væri að vera þjálfari í hjá „high performance center“ í Hollandi og hvað þeir telja vera árangursríkasta leiðin til að byggja upp ungt sundfólk fyrir framtíðina. Einnig fór hann yfir hvernig mögulega væri hægt að innleiða sund fatlaðra inn í félög og sundsambönd. Óhætt er að segja að Mark hafi staðið undir væntingum sem virkilega góður fyrirlesari og sköpuðust mjög góðar og gagnlegar umræður í kjölfarið á fyrirlesturum hans.
- Yfirmaður landsliðsmála fór á þjálfararáðstefnu til Calgary í Kanada ásamt því og heimsækja eitt sterkasta félagsliðið þar.
- Yfirmaður landsliðsmála fór í viku fræðsluferð til Calgary í Kanada þar sem hann heimsótti Cascade Swimming sem er eitt sterkasta félagið fyrri hluta ferðar. Seinni hluta ferðar tók hann þátt í ráðstefnu þjálfarasambandsins þeirra. Ráðstefnan var hin besta, enda mikið af heimsklassa þjálfurum með fyrirlestra, Michael Bohl frá Ástralíu, Brent Arckey frá Bandaríkjunum sem voru stóru nöfnin þar. Einnig var John Atkinson yfirmaður landsliðsmála í Kanada með fyrirlestur ásamt HPC þjálfurum þeirra.
- Norðurlandamótið verður haldið í Vejle 1-3. desember og verður 20 manna lið valið eftir ÍM25.
- Heimsmeistaramótið í 25m laug verður haldið 10-15. desember í Búdapest. Bæði Anton og Snæfríður eru forvalin, en þurfa að sýna ástundun og ásættanlegan árangur í byrjun nóvember. Við reiknum með að senda 4-6 keppendur á mótið og er verið að skoða möguleika á boðsundum.
- Næstu tvær vikurnar verður klárað drög lágmarkahandbókin og verkefnum fyrir landsliðshópana og í kjölfarið verður þjálfurum sem eiga sundfólk með lágmark í landsliðshópa á þeim fund þriðjudaginn 22. Október. Markmið með fundinum er að kynna okkar hugmyndir og gefa þjálfurum kost að koma með þeirra skoðun áður en endanlegar ákvarðanir verður teknar.

#### 4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Farið yfir fundargerð 126. Fundar dómaranefndar frá 16. Sept.

#### 5. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
06.09.2024	WA STC-Training ISL Mivako Eliasson	AD
07.09.2024	Learn to Swim Conference 18. – 20 oct.	RJ
12.09.2024	Belfast Congress - 2023 Financial Report Q&A	LEN
13.09.2024	Mail Rauði Krossin vegna skyndhjálparnámskeiðs	HVK
25.09.2024	Sport Transparency Index Project - Letter to NFs	WA
24.09.2024	EA Congress Programme - Belfast 26-28 September 2024	LEN
24.09.2023	Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.	
30.09.2024	European Aquatics 2024 Congress concludes in Belfast, paving the way for the future of Aquatic Sports	

#### 6. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum.				

#### 7. Staðfesting meta

Engin met lágu fyrir á fundinum

#### 8. Önnur mál:

- Formaður og ritari sóttu árlegt þing EA sem haldið var í Belfast á Írlandi 28. september. Fulltrúar Íslands sátu einnig ráðstefnu deginum áður sem bar heitir „European Aquatics Diversity, Equity & Inclusion Conference“ þar sem margir góðir fyrirlesarar héldu erindi um málefni ráðstefnunnar sem gæti kallast „fölbreytni, jafnræði og inngilding“ í íþróttum frá mörgum sjónarhornum.

- b. Formaður og ritari sátu einnig fund með NSF (Norræna samstarið) seinnipart ráðstefnudags. Í gögnum fundarins eru þau skjöl sem bárust vegna ofangreindra funda.
- c. Deginum fyrir þingið var einnig kallaður til suttur fundur meðal NSF þjóða til að kynna hugmynd að EA Academy til að halda út miðlægum gagnagrunni með sjálfboðaliðum og „officials“ frá öllum þjóðum. Þetta er ennþá á hugmyndastigi og verður kynnt betur síðar.
- d. Formaður og ritari sátu einnig ZOOM ráðstefnu hjá World Aquatics „Extraordinary Congress“, sem haldin var 30. September. Eina málið á dagskrá var að samþykkja reikninga og áætlun fyrir næstu ár.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 19.45